

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Viðskiptaráð auglýsir eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf lögfræðings ráðsins. Starfið krefst frumkvæðis og hæfileika til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.

Helstu verkefni

- Gerð umsagna um lagafrumvörp
- Seta í nefndum og ráðum fyrir hönd ráðsins
- Lögfræðileg ráðgjöf
- Umsjón útgáfu á sviði stjórnarháttar fyrirtækja
- Umsjón með Gerðardómi Viðskiptaráðs
- Aðstoð við greiningarvinnu ráðsins
- Aðkoma að alþjóðlegu samstarfi
- Önnur tilfallandi dagleg skrifstofustörf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Embættispróf eða grunn- og meistaraþróf í lögfræði
- Viðeigandi starfsreynsla
- Grunnþekking á efnahagsmálum og atvinnulífi
- Góð greiningar- og aðlögunarhæfni
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Framúrskarandi hæfni í teymisvinnu og mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknir sendist á starfsumsokn@vi.is fyrir 1. apríl 2023.Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Hólm Valsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, svanhildurholm@vi.is, sími: 510-7100.

Viðskiptaráð

Lögfræðingur

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna leitar að lögfræðingi til starfa á lögfræðisviði sjóðsins sem skipað er þremur lögfræðingum. Sviðið veitir stjórn, framkvæmdastjóra og sex sviðum sjóðsins lögfræðiráðgjöf og vinnur að margþættum viðfangsefnum og hagsmunagæslu. Meðal verkefna eru túlkun og framkvæmd laga og reglna varðandi starfsemi sjóðsins, samningagerð, ráðgjöf varðandi stjórnarhætti, umsjón með samþættingu sjálfbærni í starfseminni og ýmis umsýslustörf.

Helstu verkefni:

- Þjónusta og samstarf við eignastýringu, áhættustýringu og önnur svið sjóðsins.
- Túlkun og framkvæmd laga, m.a. á sviði verðbréfaréttar, félagaréttar og samkeppnisréttar.
- Aðkoma og umsjón með samningagerð, m.a. varðandi innlend og erlend eignasöfn sjóðsins.
- Umsjón með útivistunarsamningum sjóðsins.
- Önnur verkefni á lögfræðisviði.

Hæfniskröfur:

- Haldgóð starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Meistaragráða / embættispróf í lögfræði.
- Færni til að afla sér nýrrar þekkingar og aðlagast breytingum í starfsumhverfi.
- Próf í verðbréfaréttindum er kostur.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Hæfni í samskiptum og fagleg framkoma.
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.



LV er leiðandi lífeyrissjóður sem styður við fjárhagslega framtíð sjóðfélaga. Starfsemin felst í margvíslegum verkefnum varðandi móttöku iðgjalda, ávöxtun og annarri umsýslu eignasafna og þjónustu við sjóðfélaga.

Á liðnu ári greiddi sjóðurinn rúma 26 milljarða í lífeyri til ríflega 22 þúsund sjóðfélaga. Fjármunir sjóðfélaga eru ávaxtaðir með gagnsæjum og ábyrgum hætti með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Eignir LV eru ávaxtaðar í fimm eignasöfnum og námu 1.173 milljörðum króna í árslok 2022.

Hjá sjóðnum starfar 58 manna samhent liðsheild þar sem hver og einn nær að nýta hæfileika sína og þekkingu til að sinna krefjandi verkefnum. Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, þverfaglegt samstarf, góð samskipti, frumkvæði og hæfni til að laga sig að síbreytilegu umhverfi.

LV býður upp á góða starfsaðstöðu og starfsumhverfi þar sem áhersla er meðal annars lögð á jafnrétti og jafnvægi milli vinnu og einkalífs. LV hefur hlotið jafnlaunavottun.


JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hefur Jensína K.
Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og
Garðar Óli Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Framkvæmdastjóri

Viltu gera höfuðborgarsvæðið að eftirsóknarverðum áfangastað?

Við óskum eftir að ráða öflugan einstakling í starf framkvæmdastjóra Markaðs- og áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Hér er um að ræða nýtt og spennandi starf sem felur m.a. í sér að móta nýja starfsemi á heimsmælikvarða. Leitað er að drifandi og skipulögðum leiðtoga sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfni og skapandi hugsun.

■ Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á stjórnun og daglegum rekstri
- Samskipti og samstarf við stjórnvöld og hagsmunaaðila
- Umsjón og eftirfylgni með ferðamálaþingi og öðrum fundum, kynningum og ráðstefnum
- Mótun, innleiðing og eftirfylgni með starfs- og fjárhagsáætlun
- Mótun, innleiðing og eftirfylgni með áfangastaðáætlun
- Umsjón með markaðssetningu og kynningu svæðisins
- Stefnumótun, vörubrún og nýsköpun í samstarfi við ferðaþjónustuna

■ Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er æskileg
- Reynsla og þekking á stjórnun, verkefnastjórnun og gagnagreiningu
- Reynsla og þekking á stefnumótun og áætlanagerð
- Reynsla og þekking á markaðsmálum
- Góð þekking á höfuðborgarsvæðinu og ferðaþjónustu
- Góð samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Góð færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð

Markaðs- og áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins er ný sjálfseignarstofnun sem sett er á fót í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins.

Umsóknarfrestur er til og með **20. mars 2023**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Intellecta ehf.

Síðumúla 5

108 Reykjavík

511 1225

intellecta.is



Framkvæmdastjóri Austurbrúar

Ertu reyndur stjórnandi með góða leiðtogaþæfileika og innsýn í stjórnsýslu?



Leitað er að drifandi og reyndum leiðtoga í stjórnunarstarf sem byggir m.a. á miklum samskiptum við stjórnvöld á öllum stigum stjórnsýslunnar, stofnanir og fyrirtæki í nærumhverfi og á landsvísu, hagsmunasamtök og aðra þá sem tengjast starfsemi stofnunarinnar.

■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun starfsemi Austurbrúar, SSA og annarra tengdra félaga
- Ábyrgð á framkvæmd ákvarðana stjórna
- Ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlana, starfsáætlana og stefnumörkunar
- Ábyrgð á framkvæmd samningsbundinna verkefna Austurbrúar og SSA
- Hagsmunagæsla fyrir landshlutann og eftirfylgni svæðisskipulags Austurlands
- Samskipti og samstarf við hagaðila s.s. sveitarfélög, stofnanir, atvinnulíf og aðra hagaðila
- Undirbúningur stjórnarfundna og úrvinnsla eftir þá
- Ráðgjöf við stjórn

Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem starfar í stoðþjónustu á Austurlandi. Stofnunin er verkefnastofa sem vinnur að framgangi víðtækra og þverfaglegra verkefna í þágu Austurlands. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Framkvæmdastjóri getur haft aðsetur á hverri af starfsstöðvum Austurbrúar en búseta á Austurlandi er skilyrði.

Umsóknarfrestur er til og með **12. mars 2023**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Svava Sandholt (sigridur@intellecta.is) í síma 511 1225. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.



RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Sérfræðingur á upplýsinga- tækni- og tölvudeild



Múlaþing óskar eftir að ráða sérfræðing á upplýsingatækni- og tölvudeild í 100% framtíðarstarf.


Starfið er laust frá og með 1. apríl nk.

Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir þau sem hafa áhuga á umsýslu með tölvukerfum og stafrænni umbreytingu sveitarfélagsins. Á upplýsingatækni- og tölvudeild starfa 3 einstaklingar sem vinna saman í teymi.

Frekari upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu Múlaþings, www.mulathing.is undir **Störf í boði**, eða á starfasíðu sveitarfélagsins hjá Alfreð.

Nánari upplýsingar veitir Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri í síma 860-2905 eða á netfangið odinn.gunnar.odinsson@mulathing.is

Umsóknarfrestur er til 5. mars.



Vilt þú leiða nýja nálgun verkefnastjórnunar?

Verkefnastjóri umbóta hjá Vegagerðinni

Vegagerðin auglýsir eftir verkefnastjóra umbóta. Um nýtt starf er að ræða og því einstakt tækifæri til þess að koma að mótun og þróun á því.

Verkefnið er að innleiða breytingar á aðferðarfræði verkefnastjórnunar og leiða uppsetningu og notkun á verkefnastjórnunarkerfi í allri starfsemi Vegagerðarinnar sem er stærsta framkvæmdastofnun ríkisins. Byggt er á undirbúningsvinnu sem staðið hefur yfir um nokkurt skeið. Starfið tilheyrir deild stafrænna innviða og ferla, sem heyrir beint undir forstjóra Vegagerðarinnar.

Starfssvið

Viðkomandi mun leiða umbótaverkefni í faglegri verkefnastjórnun í teymisvinnu þvert á Vegagerðina. Starfið felur í sér umsjón með innleiðingu og þjálfun starfsmanna í framtíðar verkefnastjórnunarumhverfi Vegagerðarinnar, ásamt öðrum stærri umbótaverkefnum innan Vegagerðarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Vottun í verkefnastjórnun MPM eða sambærilegu námi er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun skilyrði
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Lausnamiðuð hugsun, frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður, stærsta framkvæmdastofnun landsins með gríðarlega fjölbreytta verkefnaflóru.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björgvin Brynjólfsson (bjorgvin.brynjolfsson@vegagerdin.is) forstöðumaður stafrænna innviða og ferla.

Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2023.

Sótt er um laus störf á heimasíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is



Forstöðumaður á nýju heimili á Seltjarnarnesi

Fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt starf

Óskað er eftir forstöðumanni til starfa á heimili fólks með fötlun í nýjum íbúðakjarna að Kirkjubraut 20 á Seltjarnarnesi. Um er að ræða 100% starf.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 15. mars, 2023.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að þjónusta og starfsemi sé í samræmi við lög, reglugerðir, stefnu og verkferla félagsins
- Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri heimilisins, stjórnun og starfsmannahaldi
- Að vinna eftir innri gæðaviðmiðum og kröfulýsingu heimilisins
- Einkafjármunir íbúa og hússjóður samkvæmt umboði
- Meðferð gagna og upplýsinga sé í samræmi við lög sem þeim tilheyra
- Innra faglegt starf og þjónusta við íbúa
- Að vinna einstaklingsmiðaðar þjónustuáætlanir með íbúum
- Samstarf við íbúa, aðstandendur og aðra samstarfsaðila

Hæfniskröfur:

- Þroskaþjálfamenntun og starfsleyfi sem þroskaþjálfari eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla
- Starfið krefst þekkingar á málefnum fatlaðs fólks og rík áhersla er lögð á hugmyndafræði og fagleg vinnubrögð
- Reynsla af starfsmannahaldi og stjórnun er nauðsynleg
- Góð samskiptafærni í töluðu og rituðu máli og sjálfstæð vinnubrögð
- Krefst tölvufærni ásamt góðrar íslensku og enskukunnátta
- Frumkvæði, sjálfstæði og leiðtogaferni

Umsækjandi þarf að geta tekið virkan þátt í innra starfi félagsins og haft stefnu þess og góða starfshætti að leiðarljósi. Starfið veitir tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp.

Nánari upplýsingar veitir Erna Einarsdóttir í síma 414-0500 á virkum dögum.

Atvinnuumsókn sendist á erna@styrktarfelag.is.

Upplýsingar um félagið má finna á www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags.

Ás styrktarfélag hefur fengið vottun á jafnlaunakerfi sitt samkvæmt ÍST 85:2012.

Við hvetjum áhugasama, óháð kyni og uppruna að sækja um.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Gögn eru lykillinn að framtíðinni

Net- og kerfisstjóri

Við leitum að netstjóra með ríka öryggisvitund og metnað til að takast á við spennandi verkefni í uppbyggingu grunninnviða á sviði upplýsingatækni. Netstjóri ber ábyrgð á víðnetum (WAN) og staðarnetum (LAN) Landsnets og hefur umsjón með daglegum rekstri upplýsingatæknikerfa Landsnets.

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku og stjórnun raforkukerfisins á Íslandi. Stjórnkerfi raforkukerfisins á Íslandi byggir á rekstraröryggi net- og tölvukerfa og því er um krefjandi og ábyrgðarmikið starf að ræða. Upplýsingatækni gegnir lykilhlutverki í framþróun fyrirtækisins og framundan eru krefjandi og skemmtileg verkefni í samstarfi við innlenda og erlenda birgja.

Næsti yfirmaður er Ásmundur Bjarnason, forstöðumaður upplýsingatækni.

Helstu verkefni

- Uppsetning, uppfærslur og rekstur tölvuneta
- Viðhald og eftirlit með eldveggjum
- Eftirlit með afköstum og rekstraröryggi netkerfa
- Eftirfylgni með þróun og nýjungum í netkerfum
- Daglegur rekstur, viðhald og eftirlit með netþjónum og tölvubúnaði
- Markviss vinna að aukningu rekstraröryggis upplýsingakerfa
- Þátttaka í þróun og smíði upplýsingakerfa skv. upplýsingastefnu Landsnets

Hæfniskröfur

- Nám í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærilegt nám eða reynsla
- Þekking á Cisco búnaði
- Þekking á NGFW er mikill kostur
- Reynsla af kerfisstjórnun í Microsoft/Linux umhverfi er kostur
- Góð samskiptaferni og geta til að vinna í teymi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð og jákvætt viðhorf

Sérfræðingur í gagnateymi

Við leitum að einstaklingi til að koma inn í stækkandi gagnateymi og þróa gagnadrifna framtíð Landsnets. Teymið hefur það að markmiði að auka sjálfvirkni í störfum og bæta gagnadrifna þjónustu byggða á sögulegum og rauntíma upplýsingum fyrir innri og ytri starfsemi Landsnets.

Gagnateymið er sjálfstætt, framsækið og tileinkar sér þau vinnubrögð að deila ábyrgð. Viðkomandi fær því tækifæri til að vinna með fjölbreytt gögn, fjármála- og markaðsupplýsingar, orku- og landupplýsingar og koma gögnum til hagnýtingar til aukinnar sjálfvirkni og bættrar ákvarðanatöku.

Næsti yfirmaður er Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og gagna.

Helstu verkefni

- Vinna í rekstri og þróun á gagnagrunnum, vöruhúsum og rauntíma gangavinnslum
- Greining, hönnun og útfærsla á gagnadrifnum lausnum
- Almenn úrvinnsla, meðhöndlun og samþætting gagna úr ólíkum kerfum
- Virk þátttaka í þróun á gagnastefnu Landsnets
- Þjónusta starfsfólk Landsnets með gagnanotkun

Hæfniskröfur

- Nám í verkfræði, tölvunarfræði, stærðfræði eða sambærilegt nám eða reynsla
- Þekking í gagnagrunnsforritun (s.s. SQL, Python) og gagnavinnslu (t.d. tímaraðargreiningu, spá, gervigreind, bestun o.fl.)
- Góð reynsla af rekstri gagnagrunnsumhverfis
- Staðgóð þekking á gagnagrunnsfræðum og greiningartólum
- Góð samskiptaferni og geta til að vinna í teymi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð og jákvætt viðhorf

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk. Sótt er um starfið á landsnet.is.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar til að bætast í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, mannauðssérfræðingur, mannaudur@landsnet.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að flytja orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

Óskum eftir starfsfólki í útkeyrslu á Akureyri

Við leitum að samviskusömum aðila með bílpróf. Góð laun í boði.

Vinnutími

Priðjudagar til laugardags frá kl. 07.00 til kl. 13.00

Frí á sunnudögum og mánudögum.

Sendið umsóknir og fyrirspurnir um starfið á arnarm@torg.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



HAGVANGUR

BBA//Fjeldco er leiðandi lögmannsstofa á Íslandi og á sviði fjármála- og fyrirtækjalögfræði. Við óskum eftir öflugum einstaklingi í okkar teymi og í boði er krefjandi og metnaðarfullt starf í alþjóðlegu vinnuumhverfi. Fyrirtækið er með skrifstofur í Reykjavík og í London ásamt starfsemi í Frakklandi.

- Að minnsta kosti tveggja ára reynsla á skattasviði.
- Reynsla á sviði fyrirtækja- og fjármálalögfræði er kostur.
- Góð enskukunnátta er skilyrði.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi.
- Hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi og undir miklu álagi.

BBA // FJELDCO



*Verð er án vsk





Sveitarfélagið Stykkishólmur
Bærinn við eyjarnar



Skólastjóri

grunnskóla og tónlistarskóla í Stykkishólmi

Leitað er að leiðtoga með mikinn metnað fyrir menntun barna og unglinga og sem hefur framsækna sýn á skólastarf og hlutverki stjórnendateymisins við skólana og samvinnu þess. Lögð er áhersla á öfluga skólaþróun, hvetjandi starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk og samstarf við aðila skólasamfélagsins.

Skólastjóri er yfirmaður skólanna, mótar og viðheldur staðblæ og menningu með tilstyrk starfsfólks og nemenda. Hann veitir faglega forystu og leiðir framsækið og skapandi skólastarf í samræmi við grunnskólalög, aðalnámskrá grunnskóla og tónlistarskóla, ásamt skólastefnu sveitarfélagsins 2022-2027.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun samrekins grunn- og tónlistarskóla.
- Leiða stjórnendateymi grunn- og tónlistarskóla.
- Ábyrgð gagnvart bæjarstjórn á að skólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir og gildandi aðalnámskrá og skólastefnu hverju sinni.
- Ábyrgð á viðvarandi undirbúningi þróunar og stefnumótunar.
- Forysta um þróun og umbætur í skólastarfinu og stefnumótun.
- Ábyrgð á mannauðsmálum.
- Ábyrgð á skólanámskrá skólanna, árlegri starfsáætlun, rekstraráætlun og öðrum áætlunum um skólastarfið.
- Skipulagning og stjórn skólaráðsfunda.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Réttur til að nota starfsheitið kennari og reynsla af skólastarfi á grunnskólastigi eða í tónlistarskóla.
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.

- Menntun í stjórnun eða sérhæfð hæfni skv. 5. gr. laga nr. 95/2019.
- Reynsla og þekking þar sem sérstök áhersla er lögð á sérhæfða hæfni sem snýr að skólaþróun, stjórnun, rekstri og stjórnsýslu er æskileg.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfi.
- Frumkvæði, fagmennska, skipulagshæfni og nákvæmni.
- Skýr framtíðarsýn í skólamállum.
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2023

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags

Í umsókn skal greina frá menntun og fyrri störfum, hæfni út frá hæfniskröfum starfsins og öðru því sem umsækjandi telur máli skipta og varpað getur ljósi á færni og hæfni hans til að sinna stöðu skólastjóra. Umsókninni skal fylgja kynningarbréf, ferilskrá, sakavottorð og samantekt þar sem fram koma hugmyndir umsækjanda um skólastarfið og þróun þess.

Allir einstaklingar óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2023. Eingöngu er hægt að sækja um starfið í gegnum ráðningarvefinn Alfred.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Jakob Björgvin Sigríðarson, bæjarstjóri, jakob@stykkisholmur.is sími 433 8100.

Stykkishólmur stendur við Breiðafjörð á norðanverðu Snæfellsnesi og er bæjarstæðið einstaklega fallett. Um 1.300 manns búa í Sveitarfélaginu Stykkishólmi en bærinn er í um tveggja klukkustunda akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Þjónustustig er gott í Stykkishólmi og státar sveitarfélagið af ríkulegu íþrótt- og tómstundastarfi fyrir fólk á öllum aldri og rótgrónum mennta- og menningarstofnunum.

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi stunda um 170 nemendur nám við 1.-10. bekk. Lögð er áhersla á jákvæðan og skemmtilegan skólabrag. Tónlistarskóli Stykkishólms hefur starfað óslitið frá 1964 og við hann starfar Lúðrasveit Stykkishólms sem stofnuð var 1944. Nemendur tónlistarskólans eru um 100 manns.

Gott samstarf er milli skólastiga í Stykkishólmi auk samstarfs við Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði.



ÍSAFJARÐARBÆR

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 Íbúðarbyggð á landfyllingu norðan Eyrar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 5. janúar 2023 að auglýsa skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010 og skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 á breytingartillögu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, dags. 2. desember 2022, uppdráttur og greinargerð unnin af Verkis ehf. f.h. Ísafjarðarbæjar, ásamt umhverfismati áætlana, vegna íbúðarbyggðar á landfyllingu norðan Eyrar í Skutulsfirði.

Breytingartillagan og umhverfismatsskýrsla verða til sýnis á bæjarskrifstofunum að Hafnarstræti 1, Ísafirði frá og með mánudeginum 6. mars nk. til miðvikudagsins 19. apríl 2023 og hjá Skipulagsstofnun við Borgartún 7b í Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins, www.isafjordur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til **fimmtudagsins 20. apríl 2023**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar eða á skipulag@isafjordur.is.

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar



job

Finnu draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?



vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

ÚTBOÐ



UPPSTEYPA BÍLAKJALLARA OG
TENGIGANGA VIÐ HRINGBRAUT
ÚTBOÐ 21729

Nýr Landspítali ohf. óskar eftir tilboðum í verkið:
Uppsteypa bílakjallara undir Sóleyjartorgi og tengigangar

Afmörkun verkefnis

Um er að ræða opið útboð með skilgreindum takmörkunum um þátttöku. Um útboðið gildir ÍST 30:2012 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir.

Verkið er liður í uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Það innifelur uppsteypu bílakjallara, á tveimur hæðum, ásamt tengigöngum.

Heildarflatarmál bygginganna er áætlað 7.500 m2. Um er að ræða almennt útboð að ræða eins og því er lýst í 2. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 21729 skulu sendar rafrænt í gegnum TendSign og verða svör birt þar.

Fyrirspurnartími rennur út **31. mars 2023**.
Tilboðum skal skila í gegnum útboðskerfið Tendsign.is fyrir **kl. 10:00 föstudaginn 14. apríl 2023**.

Allar nánari upplýsingar um ferlið og útboðsskilmála er að finna gjaldfrjálst í útboðskerfinu TendSign, á vefslóðinni <https://tendsign.is/>.

Leiðbeiningar um skráningu og skil á tilboðum er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.

Sjá nánar á www.utbodsvefur.is

Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



RÍKISKAUP

AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:

AÐALGATA 4, 621 DALVÍK



Eignin verður sýnd þriðjud 14. mars á milli kl. 16:30 - 17:30

Fasteignin er 6-7 herbergja einbýlishús á tveimur hæðum með sambyggðum skúr, alls 188,3 m2. Eign sem þarfnast viðhalds, bæði að innan sem utan. Eignin er á góðum stað á Hauganesi með fallegu útsýni.

Verð: 20.000.000,-

Frekari upplýsingar um eignirnar má finna á heimasíðu Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is

Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Hálsaskógur/ Borg, endurgerð lóðar 2023**
- 2. áfangi, útboð nr. 15762
- **Suðurborg, endurgerð lóðar 2023**
- 1. áfangi, útboð nr. 15763
- **Tjörn/Tjarnarborg, endurgerð lóðar 2023**
- 1. áfangi, útboð nr. 15764
- **Borgaskóli, endurgerð lóðar 2023**
- 1. áfangi, útboð nr. 15765
- **Málun 2023 í hverfum 1,2 og 3 í fasteignum Reykjavíkurborgar, útboð nr. 15771**
- **Málun 2023 í hverfum 4 og 5 í fasteignum Reykjavíkurborgar, útboð nr. 15773**
- **Múrverk 2023 í hverfum 1, 2, 3 og 4, 5 í fasteignum Reykjavíkurborgar, útboð nr. 15774**

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1111

Netfang: utbod@reykjavik.is



AVH
ARKITEKTÚR • VERKFRÆÐI • HÖNNUN

ÚTBOÐ

Dalvíkurbyggð óskar eftir tilboðum í endurbætur utanhúss við Leikskólann Krílakot við Karlsrauðatorg 23, Dalvík.

Endurnýja skal utanhússklæðningu, glugga og hurðir í hluta hússins.

Verktími er frá maí til október 2023.

Ósk um afhendingu rafrænna útboðsgagna skal senda á netfangið avh@avh.is og verða þau afhent frá og með fimmtudeginum 9. mars 2023.

Tilboð skulu berast rafrænt á netfangið avh@avh.is fyrir kl. 11:00 föstudaginn 24. mars og verða tilboðin opnuð kl. 14:00 sama dag í Ráðhúsinu á Dalvík í fundarstofu á 3.hæð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Bjóðendum mun gefast kostur á að fylgjast með opnun tilboða á fjarfundi óski þeir þess.

Auglýsing um tillögu að
deiliskipulagi í Kópavogi

Leikskóli við Skólatröð. Deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 10. janúar 2023 í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir nýjan leikskóla við Skólatröð (Áður Vallartröð 12A). Deiliskipulagssvæðið sem er um 0,2 ha að stærð afmarkast af raðhúsalóðum við Vallartröð og Álfhólsveg til vesturs og norðurs. Raðhúsalóðum við Skólatröð til austurs og bæjarlandi/gönguleið til suðurs. Á lóðinni var áður starfræktur leikskóli í byggingum sem þegar hafa verið fjarlægðar.

Áætlað er að fyrirhuguð nýbygging verði um 650 m2 að flatarmáli og að byggingin verði á einni hæð. Gert er ráð fyrir að í leikskólanum verði þrjár deildir fyrir um 75 börn.

Miðað er við að aðkoma að leikskólanum verði eftir botnlanga frá Skólatröð og að bílastæði verði samnýtt með Kópavogsskóla eins og hefur verið undanfarin ár.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 13. desember 2022. Tillögunni fylgir jafnframt umhverfismat dags. í desember 2022 og uppfært 26. janúar 2023 ásamt minnisblaði um umferð og aðkomu dags. 18. október 2022 og uppfært 1. febrúar 2023.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 13:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en **kl. 16:00 miðvikudaginn 19. apríl 2023**.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Þarftu að ráða
starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

Atvinnublaðið


— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



Fasteignablaðið

Fasteignablað Fréttablaðsins kemur út alla þriðjudaga



frettabladid.is



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Pórunnarstræti 114 – Akureyri Heil húseign með 4 íbúðum



- 477,2 fermetra húseign með fjórum samþykktum 3ja og 4ra herbergja íbúðum á 1. og 2. hæð hússins auk möguleika á þremur íbúðum á jarðhæð / í kjallara.
- Eignin stendur á mjög góðum stað við Pórunnarstræti sem er miðsvæðis í Akureyrarbæ og í góðu göngufæri við sundlaugin og miðbæinn.
- Eignin var öll endurnýjuð að utan og innan árið 2022 og er í góðu ástandi.
- Eignin er tilvalin til útleigu til lengri eða skemmri tíma og gæti einnig hentað vel til kaups fyrir félagasamtök, starfsmannafélög eða aðila tengda ferðabjónustu þar sem vist þykir að leyfi fái til skammtímaleigu í húsinu.
- Eignin selst í heilu lagi eða í hlutum.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu: gtj@fastmark.is

Pingvallastræti 25 – Akureyri Glæsileg eign á stórrí lóð



- Hér er um að ræða um 350 fermetra einbýlishús á þremur hæðum með aukaíbúð í kjallara og gestaíbúð í bílskúr.
- Eignin sem er einstaklega falleg er teiknuð af Sigurði Guðmundssyni, byggð árið 1936, og hefur verið þó nokkuð mikið endurnýjuð.
- Eignin stendur á 1.390,0 fermetra lóð á mjög góðum stað miðsvæðis í Akureyri.

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu
Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu gtj@fastmark.is

Bankastræti 8



- 138,7 fermetra verslunarhúsnæði á þessum eftir-sóttu og fjölfarna stað við Bankastræti 8 í Reykjavík.
- Í húsnæðinu hefur verið rekið kaffihús um langt árabil og hefur sá rekstur haft vinveitingaleyfi í eigninni.
- Stór opinn parketlagður veitingasalur / verslunarrými með góðri lofthæð og áberandi verslunargluggum út að Bankastræti. Innaf sal eru tvær snyrtingar og eldhús með útgengi á baklód.

Fyrir liggur eignaskiptayfirlýsing um eignina frá árinu 2015 og í henni er vitnað í deiliskipulag fyrir reitinn frá árinu 2002. Skv. því deiliskipulagi má byggja eina hæð og ris ofan á Bankastræti 8.

Móabará 24B - Hafnarfirði



OPIÐ HÚS nk. mánudag 6. mars frá kl. 17.30 -18.00

- Vel skipulagt og þó nokkuð endurnýjað 189,1 fermetra 5-6 herbergja einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 47,4 fermetra bílskúr við Móabará 24B í Hafnarfirði. Eign sem hefur fengið gott viðhald í gegnum árin.
- Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni og í því eru m.a. 3-4 svefnherbergi og stórar og bjartar stofur með fallegu útsýni. Snyrting er innaf bílskúr og því væri hægt að útbúa aukaíbúð í bílskúrnum.
- Húsið að utan var einangrað og steniklætt árið 1988 og þakjárn var endurnýjað árið 1996.
- Lóðin er með stórrí steyptri og hellulagðri innkeyrslu. Tyrfdar flatir og trjágróður.
- Staðsetning eignarinnar er virkilega góð innst í botnlanga og frá húsinu nýtur fallegs útsýnis.

Verð 114,9 millj.

<https://www.facebook.com/fastmark.is> - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

HH
RÁÐGJÖF

HH RÁÐGJÖF
www.hhr.is
Sími: 561 5900
hhr@hhr.is

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS 24.500 kr.*

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirk

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttækur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is

*Verð er án vsk.

FASTEIGNASALAN
TORG
 Ab. Sigurður Gunnarsson löggiltur fasteignasali

Fremristekkur 13, 109 Reykjavík

Stærð: 242 m²

Bókið skoðun hjá Hafdís í síma 820 2222

Glæsilegt einbýlishús miðsvæðis í höfuðborginni. Einstakt útsýni er yfir Elliðaárdal, borgina, Esjuna og allt út á Snæfellsnes.

Húsið var byggt 1971 en hefur verið endurhannað og endurbætt frá A-Ö. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni, Rut Káradóttir innanhússarkitekt hannaði allt innandyr, Logi Einarsson arkitekt teiknaði viðbygginu og Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hannaði löðina. Lýsing innandyr og utan var unnin af Lumex og Smíðapjónustan sá um smíði á innréttingum.

Húsið er skráð skv f.mr. 242 fm. og þar af er bílskúr 26,9 fm. Í húsinu eru m.a. tveir arnar, annar hefðbundinn í stofu en gas arinn í spa rými. Í spa rými og vinnustofu eru flisar úr indónesisku basalti. Vatnsgufa og heitur pottur í spa rými eru ennfremur lögð með sama basalt steini. Einstaklega góð staðsetning miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem örstutt er út á stofnbrautir og til allra átta.

Allar nánari upplýsingar veitir Hafdís Rafnsdóttir löggiltur fasteignasali
GSM 820 2222 - hafdis@fstorg.is

ÓSKAÐ
ER EFTIR
TILBOÐI

An advertisement for Fjarðarbolstrun. At the top, a blue rounded rectangle contains the text "LOK Á HEITA POTTA" in large, bold, black capital letters. Below this, on the left, is a photograph of a wooden hot tub with a light-colored cushioned cover. To the right of the photo, the text "Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta." is written in bold black font. Below that, "Metum ástand og gerum við." is also in bold black font. Underneath is the website "www.fjardarbolstrun.is" in a bold, italicized black font. At the bottom, a black bar contains the contact information "Fjarðarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com" in white text.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN**

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

**FRAMTALSAÐSTOÐ -
BÓKHALDSPJÓNUSTA**

Bjóðum einstaklingum framtals-
aðstoð og fyrirtækjum alhliða
bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

**Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is**


Réttu ráðgjafa- og
bókhaldspjónusta



**Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það**

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

ER BÍLSÆTID RIFIÐ ?



FYRIR



EFTIR

Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í MÍR salnum á Hverfisgötu 105.
Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.
Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðin standa í 4 vikur.
Boðið er upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga:	10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga:	13:00 - 14:30
Mánudaga og miðvikudaga:	17:30 - 19:00
Mánudaga og miðvikudaga:	19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska II:

Þriðjudaga og fimmtudaga:	17:30 - 19:00
---------------------------	---------------

Framhaldsnámskeið spænska III:

Þriðjudaga og fimmtudaga:	10:00 - 11:30
---------------------------	---------------

Framhaldsnámskeið spænska IV:

Mánudaga og miðvikudaga:	13:00 - 14:30
--------------------------	---------------

Við bjóðum einnig upp á einkatíma og stuðningstíma fyrir nemendur á menntaskólastigi.



Námskeiðin okkar byrja mánudaginn 6. mars og þriðjudaginn 7. mars og þeim lýkur svo fimmtudaginn 30. mars.

Verð á mann er 37.500 krónur.

Upplýsingar í síma 790 5033 eða spanskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: [spanskuskolinn_hablame](https://www.instagram.com/spanskuskolinn_hablame)